

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkv. lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um vistun lyfjafræðistúdentna til verklegs náms.

1. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal prófessor sá, sem veitir lyfjafræði lyfsala forstöðu (aðalkennari), gefa menntamálaráðuneyti og rektor Háskóla Íslands upplýsingar um þann fjölda nýstúdentna, sem hægt er að veita viðtöku. Við greinda upplýsingagjörð hafi aðalkennari samráð við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Apótekarafélag Íslands sbr. 3. gr.

2. gr.

Eigi síðar en í febrúar ár hvert skal aðalkennari tilkynna Apótekarafélagi Íslands um þann fjölda nýstúdentna, sem væntanlega þarf að vista á komandi sumri.

3. gr.

Fyrir 1. júní ár hvert skal aðalkennari ákveða í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Apótekarafélag Íslands hvaða lyfjabúðir hafa skyldu eða rétt til þess að taka við stúdent til námsdvalar. Skal við þá ákvörðun taka tillit til búnaðar og mannafla lyfjabúðar.

Ráðuneytið getur einnig heimilað, að aðrir en lyfjabúðir taki við stúdentum til námsdvalar, enda uppfylli þeir aðilar tiltekna skyldur um búnað og mannafla.

4. gr.

Hafi aðalkennari gert náms- og vistunarsamning við lyfsala um vistun stúdents, er stúdentinn skyldur til að þiggja þá vistun og skal að því stefnt, ef ástæður leyfa, að stúdentinn hljóti a.m.k. hluta þjálfunar sinnar í lyfjabúð utan Reykjavíkursvæðisins.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 34. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson